

bóksala Kr. Ó. Þorgrímssonar, í þessu máli. Málskostnaður fyrir undirrjetti og yfirdómi falli niður.

Nr. 33/1887.

Þorleifur Jónsson
 gegn
 Kr. Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Með stefnu, dags. 28. maímán. þ. ár, hefur ritstjóri Þorleifur Jónsson áfrýjað til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 14. dag aprílmán. þ. ár, er gjörir honum að greiða 200 kr. sekt til landsjóðs fyrir að hafa auglýst í blaði sínu »Þjóðólfi« ýmsar sakargiptir og ummæli um hinn stefnda, Kr. Ó. Þorgrímsson bóksala, dæmir ómerkar þessar sakargiptir og ummæli, og dæmir hann til skaðabóta eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati, þó eigi meiri en 2000 kr., og til að lúka hinum stefnda málskostnaði með 12 kr.

Fyrir landsyfirdóminum hefur áfrýjandi krafizt, að verða algjörlega sýknaður af kærum og kröfum hins stefnda, Kr. Ó. Þorgrímssonar, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir undir og yfirdómi að skaðlausu, eða með einhverja nægilegu eptir mati rjettarins.

Hinsvegar hefur hinn stefndi krafizt, að undirrjettardómurinn verði að öllu leyti staðfestur, en áfrýjandinn, Þorleifur ritstjóri Jónsson, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir landsyfirdóminum með 30 kr., eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Í blaðinu »Þjóðólfur«, XXXVIII. árgangi 54. tölublaði, var grein með fyrirsögn: »Kærum gegn Kr. Ó. Þorgrímssyni fyrirverandi bæjargjaldkera«, og er það grein sú, sem mál þetta er risið af.

Í grein þessari er skýrt frá, að ýmsir nafngreindir menn hafi kært hinn stefnda fyrir bæjarfógeta, og krafizt sakamáls-rannsóknar gegn honum út af undandrætti og vangreiðslu á peningum úr bæjarsjóði, fölsuðum kvittunum, heimildarlausri undirskript á nafni sínu í sviksamlegum tilgangi o. fl.

Hinn stefndi hefur ekki mótmælt því, að slíkar kærum hafi verið sendar bæjarfógeta, og að sakamálsrannsókn hafi verið hafin gegn honum, en heldur því fram, að áfrýjandi hafi brotið gegn ákvæðum hegningarlaganna um ærumeiðingar með því að auglýsa þetta í blaðinu. En yfirdómurinn verður að líta svo á, að með því að í grein þessari einungis er skýrt blátt áfram frá, að slíkur kærum hafi verið sendar bæjarfógeta, — og það er í málinu viðurkennt að svo hafi verið —, og með því að alls engin aðdróttun felst í greininni, eða með einu orði að því vikið, að kærurnar muni eiga við rök að styðjast, þá sje hin átalda grein ekki saknæm, og að því beri að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum hins stefnda í þessu máli. Málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi þessa máls, Þorleifur ritstjóri Jónsson, á að vera sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda, Kr. Ó. Þorgrímssonar bóksala, í þessu máli. Málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirdómi falli niður.